

# Stjórnarfundur STÍ nr. 20 05.04.2024

Stjórnarfundur STÍ haldin á Teams. Fundur hefst kl. 12:00

Fundarritari: Magnús Ragnarsson

## Mættir eru:

Halldór Axelsson, Guðmundur kr. Gíslason, Magnús Ragnarsson, Sigurður Ingi Jónsson. Ómar Örn Jónasson.

## Fundardagsskrá:

### 1. Flokkar og flokkastaðlar

Farið yfir flokkastaðla sem verið er að endurskoða. Meistaraflokkur verður ákveðin og notaður til hliðsjónar við ákvarðanir um afreksstarf. Stjórn sammála um að endurskoða reglur um flokkaárangur og endurskoðun flokka, m.a. að bæta við meistaraflokkum fyrir benchrest greinar og sporting

### 2. Úttekt á skotvöllum

Magnús kynnir eyðublöð til úttektar á völlum sem hægt er að þýða. Verður farið í vinnu við það. Stefnt á blöð fyrir loftgreinar og skeet

### 3. Kynning á stöðu svæðismála, til undirbúnings fyrir frekari umfjöllun

Halldór fer yfir þessi mál. Ekki hefur borist formlega boð í vinnuhóp um þjóðarleikvang skotíþróttu. Í samræmi við samþykktir á síðasta þingi var stjórn falið að stofna vinnunefnd um þessi mál. Ákveðið að leggja til skipun í nefnd fyrir næsta stjórnarfund og erindisbréf fyrir nefndina.

### 4. Önnur mál

Halldór fer yfir ólýmpíumálefni og stöðu mála í dag.

Fundi slitið 13:20